

Nr. 16/1913

Runólfur E. Sverrisson
gegn
Erlendi Björnssyni.

D ó m u r :

Áfrýjandinn, Runólfur E. Sverrisson, bóndi í Akra-
koti á Alftanesi, hefir með stefnu, dags. 31. marz þ. á.,
skotið til yfirdómsins fúgetaréttarúrskurði Gullbringu- og
Kjósarsýslu, uppkveðnum 27. febr. þ. á., og fjárnámi, er
fór fram sama dag á eignar- og ábýlisjörð hans $\frac{1}{2}$ Akra-
koti eftir kröfu stefnda, Erlendar Björnssonar hreppstjóra
á Breiðabólssstöðum, til lúkningar skuldareftirstöðvum, kr.
1020.08, samkvæmt veðskuldabréfi áfrýjanda til stefnda,
dags. 5. okt. 1910. Krefst áfrýjandi að úrskurðinum
verði hrundið, fjárnámið felt úr gildi og stefndi dæmdur
til að greiða honum bætur fyrir skaða þann, er hann hafi
beðið af fjárnáminu, eftir óvilhallra manna mati, og máls-
kostnað eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að vísað verði frá
yfirdóminum kröfu áfrýjanda um ómerking fjárnámsgjörð-
arinnar, að stefndi verði sýknaður af skaðabótakröfum á-
frýjanda og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostn-
að eftir mati yfirdómsins.

Hið áfrýjaða fjárnám var gert samkvæmt fyrnefndu
veðskuldabréfi, án undanfarins dóms eða sáttar, en með
því að veðskuldabréfið var eigi þinglesið, og fjárnámið
eigi birt áfrýjanda, er bjó á hinni veðsettu eign, eins og
fyrir er mælt í lögum 16. des. 1885, 15. gr., var fjár-
námsgjörðin ólögmat. En þó að stefndi viðurkenni
þetta, heldur hann því fram engu að síður, að ómerk-
ingarkröfu áfrýjanda eigi að frávísa fyrir þá sök, að Einar

prófessor Arnórsson hafi, eftir að fjárnámið fór fram, fengið sér framselt fyrgreint veðskuldabréf, hent dóm yfir áfrýjanda til lúkningar skuldinni, gert fjárnám í veðinu 2. apríl þ. á. samkv. dómnum, og þá um leið látið afleysa hið eldra fjárnám, er því sé þegar fallið úr gildi; sé áfrýjanda óþarft og gagnslaust, að fá fjárnámið ónýtt hér fyrir rettinum, og hafi hann því enga réttmæta kröfu til þess.

Samkvæmt því sem þegar er sagt um fjárnámið 27. febr., hafði áfrýjandi gildar ástæður til að áfrýja því, og tók hann út stefnu í því skyni og lét birta stefnda áður en fjárnámið 2. apríl fór fram. Það verður nú að líta svo á, að þó að stefndi hefði sjálfur verið dómhafi og fjárnámsbeiðandi við hið síðara fjárnámið, mundi hann eigi með aðför þessari eða aflausn hins eldra fjárnáms, sem þá var úrskurðuð, hafa getað stöðvað málskot áfrýjanda, sem var löglega byrjað, eða ónýtt rétt hans til þess að fá eldra fjárnámið prófað af æðra dómi; en betur en stefndi gat eigi sá, er skuldabréfið fekk framselt af honum, staðið að vígi í þessu efni. Það verður og eigi talið rétt, að áfrýjunin hafi verið áfrýjanda óþörf eða gagnslaus eftir síðara fjárnámið, þar sem hann hafði lagt út í kostnað við hana, er hann átti rétt á að fá endurgoldinn, en honum var eigi boðið endurgjald á þeim kostnaði; svo átti hann og rétt á að fá dómsúrskurð á kröfu sinni um skaðabætur fyrir fjárnámið. Krafa stefnda um frávisun málsins frá yfirdóminum að því er snertir kröfunum ómerking fjárnámsins er því eigi á rökum byggð og verður eigi tekin til greina, og með því að önnur mótmæli eru eigi fram komin gegn ómerkingarkröfu áfrýjanda og fjárnámsgjörðin í heild sinni með hinum áfrýjaða.

úrskurði hlýtur samkvæmt framansögðu að teljast ólög-
mæt, ber að samþykkja þá kröfu og fella fjárnámið og
úrskurðinn úr gildi.

Áfrýjandi hefur eigi gegn mótmælum stefnda sannað,
að hann hafi beðið tjón við fjárnámið, og verða honum
því eigi dæmdar skaðabætur hjá stefnda. En það þykir
rétt, að stefndi greiði honum málskostnað, sem ákveðst
25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og fjárnámsgjörð
skulu úr gildi feld. Stefndi, Erlendur Björnsson,
greiði áfrýjanda, Runólfi E. Sverrisson, 25 krónur í
málskostnað, áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu
dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 14. júlímán.

Nr. 27/1913.

Valdstjórnin

gegn

Indriða Gottsveinssyni.

D ó m u r:

Með dómi lögregluréttar Reykjavíkurborgar, upp-
kveðnum 18. apríl þ. á., var hinn kærði, Indriði Gott-
sveinsson, skipstjóri á botnvörpunum »Garðar landnemi«,